

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2010

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins 2010 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu var handbært fé frá rekstri jákvætt um 3,4 ma.kr., sem er 8,6 ma.kr. lakari útkoma heldur en árið 2009. Tekjur reyndust 9,6 ma.kr. minni en í fyrra á meðan gjöldin jukust um tæpa 7 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-febrúar 2006-2010

	Í milljónum króna				
	2006	2007	2008	2009	2010
Innheimtar tekjur	72 244	87 597	96 555	90 587	80 951
Greidd gjöld	47 897	56 895	60 274	80 450	87 447
Tekjujöfnuður	22 277	30 702	36 281	10 136	-6 496
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1 084	- 570	-1 302	1 917	9 923
Handbært fé frá rekstri	23 361	30 133	34 979	12 053	3 427
Fjármunahreyfingar	-2 469	-31 733	-2 312	-2 279	-3 433
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	20 892	-1 601	32 668	9 774	- 6
Afborganir lána	-8 064	-20 583	- 808	-1 327	-3 105
Innanlands	-8 058	-20 583	- 704	-1 327	-3 105
Erlendis	- 6	-	- 104	-	-
Greiðslur til LSR og LH	- 660	- 660	- 660	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	12 168	-22 844	31 201	8 447	-3 111
Lántökur	1 532	38 519	2 327	32 389	27 144
Innanlands	1 532	38 519	2 327	32 684	28 507
Erlendis	-	-	-	- 295	-1 364
Breyting á handbæru fé	13 700	15 676	33 529	40 836	24 033

Innheimtar tekjur ríkissjóðs í febrúar námu 53,4 ma.kr. samkvæmt þessu bráðabirgða-uppgjöri, og á fyrstu tveimur mánuðum ársins samtals 81,0 ma.kr. Tekjuáætlun fjárlaga er sett fram á ársgrunni og einnig er áætlað hvernig tekjurnar dreifast eftir mánuðum. Áætlunin fyrir fyrstu tvo mánuðina er upp á 81,6 ma.kr. og er frávikið því neikvætt um 0,6 ma.kr. eða sem nemur 0,8% af áætlun. Þar af er frávik skatttekna neikvætt um 0,7 ma.kr. eða sem nemur 0,9%, og frávik annarra tekna samtals jákvætt um 0,2 ma.kr eða 4%.

Skattar á tekjur og hagnað voru tæpur helmingur skatttekna febrúarmánaðar, enda var 5. febrúar eindagi fyrir skil á fjármagnstekjuskatti 4. ársfjórðungs 2009. Sú innheimta nam 15,0 ma.kr. Staðgreiðsla á tekjuskatti og útsvari nam alls 15,3 ma.kr. í febrúar miðað við 14,7 ma.kr. í febrúar 2009. Eru þetta fyrstu skilin á tekjuskatti í staðgreiðslukerfinu eftir kerfisbreytinguna um sl. áramót þar sem tekið var upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi. Skatt-hlutfallið í staðgreiðslu var á sl. ári 37,2% (almennt þrep) og á seinni helmingi ársins var

bætt við 45,2% hátekjuprepi (37,2% + 8% fyrir tekjur fyrir ofan ákveðin mörk). Á þessu ári eru þrepin þrjú; 37,22%, 40,12% og 46,12%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Skatttekjur og tryggingagjöld	91 056	85 066	74 865	10,3	-6,6	-12,0
Skattar á tekjur og hagnað	45 216	46 205	33 404	13,7	2,2	-27,7
Tekjuskattur einstaklinga	15 741	15 498	16 173	1,3	-1,5	4,4
Tekjuskattur lögaðila	2 954	2 160	1 495	-9,9	-26,9	-30,8
Skattur á fjármagnstekjur	26 521	28 547	15 737	26,5	7,6	-44,9
Eignarskattar	1 655	833	676	-2,9	-49,6	-18,9
Skattar á vöru og þjónustu	35 809	30 208	30 363	6,9	-15,6	0,5
Virðisaukaskattur	25 084	22 260	21 395	1,5	-11,3	-3,9
Vörugjöld af ökutækjum	2 472	201	187	132,5	-91,9	-6,8
Vörugjöld af bensíni	1 391	1 489	1 570	4,5	7,0	5,4
Skattar á olíu	1 403	1 161	1 187	6,3	-17,3	2,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1 776	1 853	2 165	0,7	4,4	16,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3 684	3 244	3 859	11,1	-11,9	18,9
Tollar og aðflutningsgjöld	1 158	1 072	906	48,7	-7,4	-15,5
Aðrir skattar	322	427	537	89,3	32,7	25,7
Tryggingagjöld	6 896	6 319	8 978	4,9	-8,4	42,1
Fjárframlög	17	20	-	-81,9	14,1	-100,0
Aðrar tekjur	5 364	6 079	5 896	14,9	13,3	-3,0
Sala eigna	117	1	191	-	-	-
Tekjur alls	96 555	91 165	80 951	10,2	-5,6	-11,2

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 50,2 ma.kr. í febrúarmánuði og 74,9 ma.kr. samtals í janúar og febrúar, sem er 10,2 ma.kr. minna en á sama tíma 2009. Það er fjármagnstekjuskattur sem skýrir mest af þessum mun, en í fyrra voru tekin upp ársfjórðungsleg skil í stað þess að gjalddagi staðgreiðsluskila væri aðeins einn, í ársbyrjun. Skattar á tekjur og hagnað námu 23,7 ma.kr. í febrúar. Tekjuskattur einstaklinga nam 7,7 ma.kr. í febrúar sem er hækkun um 0,9 ma.kr. miðað við febrúar í fyrra þegar hann nam 6,8 ma.kr. Þetta eru skil á staðgreiðslu af tekjum janúarmánaðar, þegar hið nýja, þrepaskipta tekjuskattskerfi hóf göngu sína. Þrátt fyrir aukningu milli ára er innheimtan eigi að síður um 250 milljónum króna undir áætlun mánaðarins. Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti lögaðila nam 1,1 ma.kr. í febrúar og og 1,5 ma.kr. samtals frá ársbyrjun.

Eignarskattar námu 676 m.kr. í janúar-febrúar og þar af voru stimpilgjöld 437 m.kr. Stimpilgjöldin námu 230 m.kr. í febrúarmánuði einum, sem er svipað og að meðaltali í hverjum mánuði frá miðju ári 2009.

Innheimta skatta á vöru og þjónustu nam 30,4 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er um 9% samdráttur að raunvirði milli ára (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Myndin sýnir þróunina allt frá janúar 2004 (tölurnar eru fjögurra mánaða meðaltöl og sýna því minni sveiflur milli mánaða og skýrari leitni en ella.) Fyrir ári síðan nam samdrátturinn rúmum þriðjungum en nú um 7%. Botninum er náð hvað varðar innheimtu þessara skatta en batinn hægur og hikandi.

Raubreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára, m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal



Virðisaukaskattur febrúarmánaðar er fyrst og fremst af sölu vöru og þjónustu á síðustu tveimur mánuðum ársins og frá því dregst síðan innskattur og hinar ýmsu endurgreiðslur. Enn mælist talsverður samdráttur milli ára að raunvirði í virðisaukaskatti, eða 13,4% á sl. tveimur mánuðum.

Aðrir stórir óbeinir skattar hafa skilað ríkissjóði meiri tekjum að raungildi í janúar-febrúar miðað við sama tímabil í fyrra, enda eru þeir svokölluð krónutölugjöld, þ.e. föst fjárhæð á magneiningu, og hafa flestir verið hækkaðir tvisvar síðan í janúar 2009. Það veldur þó vonbrigðum að flestir eru þeir heldur undir áætlun það sem af er ári. Tekjur af tryggingagjaldi eru 42% meiri en á sama tíma í fyrra, en atvinnugjaldið hækkaði um mitt ár 2009 úr 0,65% í 2,21% og aftur í byrjun árs 2010, upp í 3,81%, auk þess sem ábyrgðargjald launa var hækkað úr 0,10% í 0,25% í tveimur skrefum. Skil tryggingagjalds í febrúar eru að mestu vegna launa janúarmánaðar og má áætla að skattstofninn hafi dregist saman um 4,0% að nafnvirði miðað við janúar 2009.

Aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur og fjárframlög) námu 3,2 ma.kr. í febrúar og 5,9 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Fátt markvert gerðist í þessum tekjuliðum í febrúar, og var fyrst og fremst um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu.

Greidd gjöld nema 87,4 ma.kr. og jukust um tæpa 7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 8,7%. Milli ára aukast vaxtagjöld ríkissjóðs um 7,1 ma.kr. Útgjöld til menntamála aukast um 1,1

ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um 1,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála aukast um 601 milljónir króna milli ára þar sem fjárfesting Landhelgissjóðs í varðskipi skýrir hækkunina að langstærstu leyti. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála dragast saman um 1,6 ma.kr. milli ára þar sem Framkvæmdir Vegagerðarinnar og Fjarskiptasjóður skýra 1,4 ma.kr. Breytingar í öðrum málaflokkum eru minni en þær sem áður hafa verið taldar.

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2008	2009	2010	2009	2010
Almenn opinber þjónusta	6 833	14 894	20 973	118,0	40,8
Þar af vaxtagreiðslur	788	7 012	14 134	789,8	101,6
Varnarmál	244	205	313	-16,1	52,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2 664	2 768	3 369	3,9	21,7
Efnahags- og atvinnumál	6 840	9 151	7 564	33,8	-17,3
Umhverfisvernd	596	418	375	-29,9	-10,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	88	26	105	-70,2	300,2
Heilbrigðismál	15 637	17 853	17 572	14,2	-1,6
Menningar- íþróttá- og trúmál	3 355	3 304	3 049	-1,5	-7,7
Menntamál	9 049	10 185	11 240	12,6	10,4
Almannatryggingar og velferðarmál	13 728	20 061	20 442	46,1	1,9
Óregluleg útgjöld	1 240	1 585	2 444	27,8	54,2
Gjöld alls	60 274	80 450	87 447	33,5	8,7

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er því sem næst í jafnvægi og minnkar um tæpa 9,8 ma.kr. frá fyrra ári sem skýrist að mestu leyti með samdrætti í handbæru fé. Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 3,1 milljarði og voru þær vegna innlendra skulda. Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs var þannig rúmur 3,1 ma.kr. Innlendar lántökur námu 28,5 ma.kr. Ríkisbréf voru seld fyrir 33,1 ma.kr. en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 4,6 ma.kr. Ríkissjóður bætti þannig greiðslustöðu sína í Seðlabankanum um 24 ma.kr.